



Hörðuvellir - Tröllakór

Breytt deiliskipulag

Dags. 13. maí 2022.

Minnisblað

Á fundi skipulagsráðs 17. Janúar 2022 var lögð fram tillaga Landslags f.h. Umhverfissviðs dags. 13. janúar 2022 að breyttu deiliskipulagi opins svæðis við Tröllakór. Í breytingunni fólst breytt afmörkun skipulagssvæðisins til að koma fyrir skólagörum og garðlöndum fyrir bæjarhlutann. Skipulagssvæðið stækkaði úr 6,85 í um 7,7 ha, svæðið fyrir skólagarðana og garðlöndin var ráðgert um 1,4 ha. Þá var gert ráð fyrir færanlegu aðstöðuhúsi að hámarki 30 m².

Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu og vísaði afgreiðslu málsins til bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 25. janúar 2022 var afgreiðsla skipulagsráð staðfest.

Tillagan var auglýst í Fréttalbaðinu 29. janúar 2022 og Lögbirtingablaðinu 1. febrúar 2022. Kynningartíma lauk 16. mars 2022. Athugasemdir og ábendingar bárust frá íbúum í Tröllakór 18-20, Tröllakór 13-15, Reiðveganeftnd Hestamannafélagsins Spretts og frá Veitum.

Í framkomnum athugasemdum koma m.a. fram þau sjónarmið að íbúar fagni þeim áformum að koma fyrir skólagörðum og garðlöndum í nágrenni byggðarinnar og að móta eigi skjólbelti á svæðinu enda sé það vindasamt. Þó þykja fyrirhugaðir skólagarðar liggja of nálægt reiðstígum sem geti skapað hættu fyrir ríðandi umferð, þeir séu einnig of nálægt lóðamörkum íbúðarsvæðis sem auki nánd og innsýn á dvalarsvæði íbúanna, fyrirhugað trjábelti sem afskerma eigi garðlöndin varpi skugga á íbúðarlóðir. Óskað er eftir því að tillagan verði uppfærð með það í huga að skoða svæðið í stærra samhengi.

Skipulagsdeild tekur undir þau sjónarmið að skipulagssvæðið verði stækkað og deiliskipulag endurskoðað m.t.t.reiðleiða og nýtingu á opnum svæðum. Leitast verði við að koma til móts við sjónarmið í framkomnum athugasemdum. Skoðað skal hvort endurskoða eigi deiliskipulagsmörk Hörðuvalla og Kjóavalla. Framlögð tillaga dags. 13.janúar 2022 verði endurskoðuð.

Virðingarfyllt,

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi